



**Kveðja frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Við Íslendingar höfum átt því láni að fagna að eiga frábæra ljósmyndara sem gefið hafa okkur drjúgan efnivið í menningarminjar þjóðarinnar; svipmyndir sem ætlað er að fanga hið rétta augnablik en hafa margar orðið minnisvarðar um söguskeið, málefni, leiðtoga og örlagaríka atburðarás.

Ár af ári vaxa myndasöfnin og við eigum nú fjársjóði í hirslum þeirra ljósmyndara sem á nýliðinni öld voru iðnir við að koma á vettvang.

Sýningarnar sem Bládaljósmyndarafélag Íslands efnir til eru aldarspegill og ábending um hvernig stéttin metur stöðu sína. Þær færa ljósmyndurunum mikla gleði og tækifæri til að sýna getu sína en varpa líka ljósi á ábyrgðina sem þeir bera, ábyrgð sem fólgin er í því að túlka með áhrifaríkum hætti stefnur og strauma, tilfinningar, lífsviðhorf, vonir og drauma í fjölpættu samfélagi okkar tíma, vera eins konar dómari á leikvelli lýðræðisins þar sem völd og örlög geta ráðist á örskotsstundu.

Við þökkum þeim öllum fyrir hið árlega sjónarspil og atorkuna við að skerpa sjálfsmat og samfélagssýn okkar Íslendinga.